

Sjúkdómafræði 1

SJÚK2MS05 - Fjarnám

Námsáætlun haustönn 2021



Kennari	Inga Björg Ólafsdóttir	Sk.st.	IBÓ
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um þróun sjúklegra breytinga í mannlíkama frá frumulöskunum til sjúkdóma í líffærakerfum. Viðbrögðum frumna og vefja við álagi er lýst og hlutverki samvægisferla í viðhaldi heilbrigðis. Fjallað er um grundvallarhugtök í meinafræði eins og ónæmisviðbrögð, viðgerðarferli og vefjadrep. Fjallað er um sýkingar, erfðir og æxlisvöxt og tengsl umhverfisáhrifa og sjúklegra breytinga í líkama. Áhættuþættir, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðarmöguleikar algengra sjúkdóma í stoðkerfi, taugakerfi og þekjakerfi eru teknir til umfjöllunar. Latneskt nafngiftakerfi í meinafræði og sjúkdómafræði er útskýrt.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum fræðilegum hugtökum sem tengjast efni áfangans
- mikilvægi samvægis fyrir heilbrigði líkamans
- þróun sjúklegra breytinga í líkama
- viðbrögðum frumna, vefja, líffæra, líffærakerfa við álagi og samvægistrúflunum
- algengum sýkingum í mannlíkama og einkennum þeirra
- samspili umhverfis- og erfðabátta í sjúkdómsþróun
- flokkun, hegðun og frumorsökum æxlisvaxtar
- áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- fjölbreyttum miðlum til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- latneskum nafngiftum í meinafræði og sjúkdómafræði

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- bera saman löskunaráhrif og smithæfni algengra sýkinga í mannlíkama
- bera saman þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum
- nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- nota latneskar nafngiftir yfir sjúkdóma og hugtök í meinafræði

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rekja þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum og útskýra viðbrögð líkamans við þeim
- viðhafa viðeigandi smitgát vegna smitandi sjúkdóma
- draga ályktanir um möguleg áhrif umhverfislaskana og erfðagalla á sjúkdómsþróun
- miðla þekkingu um meinafræði og sjúkdóma í þekjakerfi, stoðkerfi og taugakerfi á fjölbreyttan og skapandi hátt
- gera grein fyrir samspili umhverfis- og erfðabátta í sjúkdómsþróun
- útskýra flokkun, hegðun og frumorsakir æxlisvaxtar
- gera grein fyrir áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- nýta þekkingu sína í sjúkdómafræði í starfi

Námsgögn: Bogi B. Ingimarsson. 1995. Sjúkdómar í mönnum, Reykjavík, Iðnú. Fyrstu sjö kaflar bókarinnar verða teknir.

Stuðningsefni : Glærur frá kennara og ýmsar greinar á moodle.

Sjúkdómafræði 1
SJÚK2MS05 - Fjarnám
Námsáætlun haustönn 2021



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspátta
Vika 37	Kynning á áfanga. Kafli 1.		
Vika 38	Kafli 1 í kennslubók glærur á moodle frá kennara.	Skilaverkefni 1	2,5%
Vika 39	Kafli 1 og 2 í kennslubók.	Skilaverkefni 2	2,5%
Vika 40	Kafli 2 í kennslubók.	Skilaverkefni 3	2,5%
Vika 41	Kafli 2 í kennslubók.	Skilaverkefni 4	2,5%
Vika 42	Kafli 3 í kennslubók.	Skilaverkefni 5	2,5%
Vika 43	Kafli 3 í kennslubók.	Skilaverkefni 6	2,5%
Vika 44	Kafli 4 í kennslubók.	Skilaverkefni 7	2,5%
Vika 45	Kafli 4 í kennslubók.	Skilaverkefni 8	2,5%
Vika 46	Kafli 5 í kennslubók.	Skilaverkefni 9	2,5%
Vika 47	Kafli 6 í kennslubók.	Skilaverkefni 10	2,5%
Vika 48	Kafli 7 í kennslubók. Stutt heimildaritgerð.	Skilaverkefni 11 Ritgerð skilað á turnitin	2,5% 10%
Vika 49	Sýnispróf lagt fyrir		5%

Námsmat og vægi námsmatspátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspátta	Vægi	
Lokapróf	Lokapróf í desember	60%	
Heimaverkefni	Vikuleg verkefni á moodle. Ef verkefni berst innan hálf mánaðar frá því að það er sent þá er einkunnin reiknuð að fullu. Tíu hæstu gilda til einkunnar.	25%	
Ritun	Heimildaritgerð úr völdu efni	10%	
Heimapróf	Sýnispróf unnið heima og skilað.	5%	
	Samtals:	100%	

Annað: Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
Ná þarf 40% árangri í lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist með. Ath. nemendum ber að ljúka öllum námsmatspáttum.

Kennari áskilur sér rétt til breytingar.

Dagsetning: 08.09.2021

Inga B. Ólafsd
Undirritun kennara

Jóhannes Árnason
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils